

Sparkvöllum komið upp víðsvegar um landið

Menntamálaráðherra var viðstödd blaðamannafund [Knattspyrnusamband Íslands](#) um uppbyggingu sparkvalla á Íslandi sem haldinn var þann 14. apríl sl. Tilurð þessa verkefnis var að Knattspyrnusamband Evrópu, í tilefni af 50 ára afmæli sínu, ákvað að veita hverju aðildarlandi sínu sem samsvarar um 56 milljónum íslenskra króna til uppbyggingar sparkvalla. Formaður KSÍ, Eggert Magnússon kynnti átakið. Hann þakkaði fyrir stuðning ríkisins á árinu 2004, en ríkið styrkti átakið um 30 milljónir króna. Auk þess mun Eimskip, Olís, KB banki og Vátryggingafélag Íslands leggja samtals 50 milljónir króna til verkefnisins. Áætlað er að í ár verði byggðir 10 – 15 vellir víðs vegar um landið. Stuðningur KSÍ felst í því að útvega og leggja gervigras á vellina en sveitarfélögin sjá um jarðvinnu og alla umgjörð um þá. Lagt er upp úr því að vellirnir verði upphitaðir og upplýstir svo nýta megi þá allt árið um kring. Í ávarpi sínu sagði menntamálaráðherra að hún fagnaði átakanu og sagði íþróttahreyfinguna með þessu vinna að því að byggja upp æsku landsins með hvatningu til hreyfingar. Formaður KSÍ notaði tækifærið og afhenti ráðherra afrit af leikmannaskýrslu frá leik Völsungs og KR-b sem fram fór árið 1982 og landsliðsþeyps nr. 5 en í fyrrmeðnum leik lék ráðherra í treju með því númeri.



Frá blaðamannafundi þar sem átakið um sparkvelli var kynnt



Úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði leikskóla 2004

Á vegum menntamálaráðuneytis er starfræktur [Þróunarsjóður leikskóla](#), sem veitt er fé til samkvæmt fjárlögum hvers árs. Sjóðnum er ætlað að styrkja þróunarstarf í leikskólum með því að veita fé til verkefna sem skipulögð eru af leikskólastjórum, leikskólakennarahópum eða einstökum leikskólakennurum. Aðrir geta sótt um styrk með samþykki leikskólastjóra og rekstraraðila.

Síðastliðin tvö ár hafa verið sett ákveðin forgangssvið innan sjóðsins þó áfram sé hægt að sækja um styrk vegna hvers kyns verkefna. Í ár var áhersla lögð á að veita styrki til verkefna sem tengjast annars vegar samstarfi leikskóla og foreldra og hins vegar starfi með yngri börnum í leikskóla. Alls bárust sjóðnum 24 umsóknir sem flestar snertu áðurmeð forgangssvið.

Menntamálaráðherra hefur nú samþykkt að veita 10 verkefnum styrk fyrir skólaárið 2004-2005, sjá nánar á [vef ráðuneytisins](#). Menntamálaráðherra hefur ennfremur samþykkt að forgangssvið við úthlutun á næsta ári verði annars vegar starf með yngri börnum í leikskóla og hins vegar lýðræði í leikskólustarfi sem er nýtt forgangssvið. Eitt af markmiðum leikskóla skv. lögum um leikskóla [nr. 78/1994](#) og [aðalnámskrá](#)

[leikskóla](#) er að leggja beri grunn að því að börnin verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Kenna á barni í leikskóla lýðræðisleg vinnubrögð með því að gefa því tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum, áætlanagerð og mati og gefa því þar með kost á að læra og þroska með sér undirstöðuatriði og gildi þess samfélags sem við búum í í gegnum leik og samskipti við skólafélaga sína, starfsfólk leikskóla og foreldra.

Úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði grunnskóla 2004

Menntamálaráðherra hefur nú úthlutað styrkjum úr [Þróunarsjóði grunnskóla](#) sem starfar samkvæmt reglum sem menntamálaráðherra setur á grundvelli [52. gr. laga nr. 66/1995](#) um grunnskóla. Tilgangur sjóðsins er að efla nýjungar, tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, námsgögnum og mati í grunnskólum. Að þessu sinni var lögð áhersla á að styrkja verkefni sem tengdust læsi til menntunar og fjölbreyttu námsmati. Alls bárust sjóðnum 63 umsóknir og hefur menntamálaráðherra ákveðið að styrkja 33 þeirra, alls að upphæð 12.1 milljón króna. Nánari upplýsingar um styrkhafa er að finna á [vef ráðuneytisins](#).

Menntamálaráðherra hefur ennfremur ákveðið að nýtt forgangssvið Þróunarsjóðs grunnskóla árið 2005 verði lýðræði í skólustarfi en Íslendingar leggja áherslu á lýðræði í formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi 2004. Auglýst verður eftir umsóknum í byrjun janúar 2005.

Íslandsdagur á EXPO 2005 í Japan

Norðurlöndin hafa ákveðið að taka sameiginlega þátt í heimssýningunni [EXPO 2005](#) sem haldin verður í Aichi-héraði í Japan á tímabilinu 25. mars til 25. september 2005 með meginþemað *Viska*

náttúrunnar. Norðurlöndin fimm verða kynnt sem eitt svæði og sameiginlegur sýningarskáli þeirra verður tæplega 1500 fm að stærð. Í kynningu landanna verður megináhersla á norræn samfélög og menningu, tækni og atvinnulíf, umhverfismál og ferðastarfsemi.

Íslensk menningarkynning verður á sýningunni hinn 15. júlí 2005, á sérstökum *Íslandsdegi*. Öllum er starfa á sviði íslenskra menningarmála hefur verið gefinn kostur á að koma verkefnum sínum á framfæri sbr. auglýsingu menntamálaráðuneytis sem sjá má á [vef ráðuneytisins](#). Tekin verður afstaða til verkefnanna þegar einstök kynningaratriði verða valin. Listviðburðir verða á nokkrum sýningarsvæðum, úti og inni. Við stærsta útisviðið rúmast um 10.000 manns og stærsti salurinn tekur 3.000 manns.

Þar sem hafið og nýting auðæva þess mótar á margan hátt líf og samskipti eyríkjanna Íslands og Japans verður sérstök áhersla lögð á þætti sem minna á það.

Í tengslum við menningarkynningu *Íslandsdags* heimssýningarinnar munu jafnframt verða kannaðir möguleikar á að efna til íslenskra listviðburða í viðurkenndum sýninga- og tónlistarsölum annars staðar í Japan, þ.á m. í Tokyo og Osaka. Menntamálaráðuneyti fer með undirbúning menningarkynningarinnar í samstarfi við ýmsa aðila, en utanríkisráðuneyti og [Útflutningsráð Íslands](#) annast þátttöku af Íslands hálfu í norræna undirbúningsstarfinu.

Nánari upplýsingar um EXPO 2005 má fá á vef sýningarinnar: [www.expo2005.or.jp](#)

